

ÁRSSKÝRSLA 2020

Fjármálaskrifstofa
Stjórnsýslusvið



VIRÐING



ELDMÓÐUR



FRAMSÆKNI

Reykjanesbær, febrúar 2021

~ í krafti fjölbreytileikans

HLUTVERK FJÁRMÁLASKRIFSTOFU

Fjármálaskrifstofa Reykjanesbæjar er ein af þremur einingum á stjórnáslusviði sem starfar þvert á alla starfsemi bæjarins og veitir innri þjónustu til allra sviða, stofnana og b-hluta líkt og ytri þjónustu til íbúa Reykjanesbæjar. Saman mynda fjármálaskrifstofa, skrifstofa stjórnáslu og Súlan verkefnastofu stjórnáslusvið og skipta með sér verkefnum sviðsins. Skipurit stjórnáslusviðs er hér:



Helstu verkefni fjármálaskrifstofu eru umsjón með fjárreiðum bæjarins og bókhaldi, innheimtu, greiðslum, launavinnslu, innkaupum, greiningum, fjárhagsáætlunargerð, eftirliti með fjárhag eininga, rekstraruppgjörum, árshlutauppgjörum, ársreikningi, skýrslugerð og fleira bæði fyrir deildir og stofnanir bæjarins og eins fyrir B-hluta fyrirtæki eftir atvikum.

Fjármálaskrifstofan skiptist í þrjár deildir sem eru reikningshald, launadeild og hagdeild:



Starfsfólk fjármálasviðs í lok árs 2020:

- Ásdís M. Óskarsdóttir, fulltrúi í reikningshaldi
- Herdís Andrésdóttir, launafulltrúi
- Hjörtur Harðarson, rekstrarfulltrúi
- Hrafnhildur H. Ólafsdóttir, fulltrúi í reikningshaldi
- Iðunn K. Grétarsdóttir, deildarstjóri launaeildar
- Ingibjörg Samúelsdóttir, fulltrúi í reikningshaldi
- Kristinn Þór Jakobsson, innkaupastjóri
- Regína F. Guðmundsdóttir, fjármálastjóri
- Sólveig Einarsdóttir, innheimtustjóri
- Sædís Kristjánsdóttir, sérfræðingur í launadeild
- Þorgeir Sæmundsson, deildarstjóri reikningshalds
- Elísabet María Þórhallsdóttir, launafulltrúi, á ráðningastyrk til loka mars 2021

Meginhlutverk fjármálaskrifstofu er að annast fjármálastjórn bæjarsjóðs og stofnana hans, söfnun, vinnslu og dreifingu upplýsinga til og fyrir stofnanir bæjarins, sviðsstjóra, forstöðumanna, deildarstjóra, stafsmanna, bæjarfulltrúa og bæjarbúa. Skrifstofan hefur yfirumsjón með og stýrir vinnu við fjárhagsáætlun, sér um eftirfylgni og frávikagreiningu frá fjárhagsáætlun, ásamt kostnaðargreiningu. Starfsmenn skrifstofunnar sinna mánaðarlegu uppgjöri til bæjarráðs, árshlutauppgjörum og gerð ársreiknings. Einnig sér sviðið um að veita ráðum, þ.m.t. bæjarráði

ráðgjöf, greiningu og upplýsingar varðandi það sem snýr að fjárhagslegum þáttum þeirra mála sem eru til meðferðar. Einnig veita starfsmenn ráðgjöf og þjónustu til stofnana bæjarins varðandi það sem snýr að fjármálum og rekstri. Skrifstofan hefur yfirumsjón með fjárreiðum, skuldabréfum, greiðslu reikninga og innheimtu, álagningu fasteignagjalda sem og annarra gjalda. Skrifstofan leitar leiða til að samræma og hagræða í innkaupum fyrir stofnanir bæjarins og b-hluta með öllum tiltækum innkaupaleiðum (útboð, örútbóð og verðfyrirspurnir) ásamt að veita ráðgjöf. Allar launakeyrlur bæjarsjóðs og b-hluta eru einnig unnar á skrifstofunni ásamt yfirumsjón með launa- og mannauðskerfinu Kjarna og tímaskráningakerfinu Vinnustund. Starfsmenn launadeildar taka ríkan þátt í útfærslum hjá starfseiningum og stofnunum bæjarins í styttingu vinnuvikunnar, halda utanum atvinnuátök sem boði eru hjá Vinnumálastofnun og í eftirfylgni og úttektum vegna jafnlaunavottunar. Fjármálaskrifstofa þjónustar líka b-hluta fyrirtæki bæjarins og hefur innleitt sömu ferla fyrir þau fyrirtæki og notaðir eru hjá Reykjanesbæ. Hér er átt við uppáskriftar-, bókunar- og greiðsluferla ásamt því að búið er að innleiða eignakerfi fyrir bæði a-hluta og þá b-hluta sem það á við.

Þau verkefni sem unnin eru á fjármálaskrifstofu taka mið af stefnu Reykjanesbæjar og áhersla er lögð á heimsmarkmiðin 17 og undirmarkmið þeirra:



Þau verkefni sem ynnst eru af hendi og þær áherslur og markmið sem fjármálaskrifstofan hefur sett sér hafa verið tengd við eftirfarandi heimsmarkmið og undirmarkmið:



Undirmarkmið:

- 5.5 Tryggð verði virk þátttaka kvenna og jöfn tækifæri þeirra til að vera leiðandi við ákvarðanatöku á öllum sviðum stjórn- og efnahagsmála sem og á opinberum vettvangi.
- 8.5 Eigi síðar en árið 2030 verði full vinna og mannsæmandi störf í boði fyrir allar konur og karla, þar á meðal ungt fólk og fatlað fólk, og sömu laun greidd fyrir jafnverðmæt störf.
- 8.8 Réttindi á vinnumarkaði verði vernduð og stuðlað að öruggu og tryggju vinnuumhverfi fyrir allt launafólk, meðal annars farandverkafólk, einkum konur í þeim hópi og þá sem eru í óöruggu starfi.
- 10.3 Tryggð verði jöfn tækifæri og dregið úr ójöfnuði, meðal annars með afnámi laga, breyttri stefnumótun og starfsháttum sem alla á mismunun, samhliða því að þrýsta á lagasetningu, stefnumótun og starfshætti sem styðja við markmiðið.
- 12.5 Eigi síðar en árið 2030 hafi forvarnir, minni úrgangur, aukin endurvinnsla og endurnýting dregið verulega úr sóun.
- 12.7 Stuðlað verði að sjálfbæru verklagi við opinber innkaup í samræmi við innlenda stefnu og forgangsröðun.
- 16.3 Réttarríkið verði eftt á landsvísi og á alþjóðlegum vettvangi og tryggt verði jafnt aðgengi allra að réttarkerfinu.
- 17.14 Bæta samræmda stefnu varðandi sjálfbæra þróun

ÁRSSKÝRSLA

1. Hagdeild / innkaup

Engar breytingar urðu á starfmannahaldi á árinu 2020 og er deildin skipuð rekstrarfulltrúa og innkaupastjóra. Í vinnu við greiningu á verkefnum og mannauði á Velferðarsviði sem hófst á árinu 2020 og er ekki lokið var bent á þá þörf að fjölga um einn rekstrarfulltrúa í hagdeild til að styðja ennfremur við Velferðarsviðið og Fræðslusviðið og var samþykkt í fjárhagsáætlun fyrir 2021 fjárheimild fyrir ráðningu á einu stöðugildi í viðbót í hagdeild.

Hluti ársins var notaður í að samþætta og skipuleggja verkefni deildarinnar með tilliti til starfmannanna og hefur það gengið vel. Einnig var fjárhagsdeild sem heldur utanum rekstur á Tjarnargötu 12 flutt í byrjun árs 2020 í hagdeild þar sem fara fram öll innkaup á því sem snýr að rekstri bæjarskrifstofu og mótuneyti fyrir starfsmenn samkvæmt kjarasamningum. Einnig fellur til þar viðhald og endurnýjun tækja í húsinu sem samkvæmt leigusamningi er leigutakans að annast. Innkaupastjóra var falið að taka við umsjón deildarinnar og ber því ábyrgð á fjárheimildum hennar.

2. Launadeild

Deildin er skipuð þremur starfsmönnum, deildarstjóra, sérfræðingi og launafulltrúa. Á árinu 2020 var ráðinn einn sumarstarfsmaður í stöðu launafulltrúa, og einn starfsmaður í námsmannaátaki með Vinnumálastofnun og í þrjá síðustu mánuði ársins var starfsmaður ráðinn á ráðningastyrk frá Vinnumálastofnun og verður til loka mars 2021 í starfi.

Á árinu fór var mikið álag á starfsmönnum launadeildar bæði vegna sumarátaks námsmanna en eins vegna mikillar fjölgunar í vinnuskóla Reykjanesbæjar en í sumar bauð bærinn öllum 17 ára ungmönnum vinnu í vinnuskólanum þar sem þessi árgangur náði ekki til sumarátaks námsmanna né í vinnuskólans samkvæmt aldursskilgreiningu. Töluverð vinna lá í eftirvinnslu vegna sumarátaksins en skrá þurfti hvern og einn starfsmann inn á síðu Vinnumálastofnunar og senda inn ýmisgögn með hverjum og einum. Í haust hóf Reykjanesbær þátttöku í öðru atvinnuátaki með Vinnumálastofnun sem kallast „ráðningastyrkur“ og stendur yfir enn.

Á árinu stuðst við launaáætlun úr Kjarna í fjárhagsáætlunargerð fyrir 2021 en Kjarni er það launaforrit sem Reykjanesbær notar.

Töluverð vinna fór í stýringu og aðstoð við verkefnið „stytting vinnuvikunnar hjá daglaunafólki“ lögleitt er í kjarasamningum var lokið fyrir lok ársins þar sem hún tók gildi í byrjun árs 2021.

3. Reikningshald / innheima

Nýr deildarstjóri reikningshalds sem ráðinn var í lok ársins 2019 kom til starfa í byrjun febrúar 2020. Að öðru leiti var mannauður óbreyttur frá árinu 2019 í bókhaldi og innheimtu. Ráðinn var inn í sumarátaki námsmanna einn starfsmaður í bókhald og sá um innleiðingu á eignakerfi í fjárhagsbókhaldi Navison hjá Reykjanesbæ, Reykjaneshöfn, Fasteignun Reykjanesbæjar, Eignarhaldsfélaginu fasteign og Tjarnargötu 12. Einnig sá viðkomandi um yfirfærslu gagna í eignakerfi úr fyrningaskýrslum og afstemmingu inn í eignakerfinu.


Á árinu var áfram haldið við að hvetja birgja / lánardrotta til að nýta sér rafræn samskipti þegar kemur að reikningum sem sveitarfélagði móttækur og þannig stuðla bæði að öruggari skráningu reikninga og eins að umhverfsvænni skráningu. Eins var unnið í því að breyta ferlum í þá átt að gera sem flestar fjárhagsbækur kerfislægar og fækka innslegnum fjárhagsbókum. Þróunin hefur verið í jákvæða átt síðustu ár og árið 2020 engin undantekning.

4. Fjármálastjóri

Þungi starfsins á árinu fór í ársreikningsgerð á fyrrhlutanum og fjárhagsáætlunargerð á þeim síðari. Fyrir utan almenna stýringu á skrifstofunni, fjárstýringu, upplýsingagjöf til bæjarráðs og stjórnenda Reykjanesbæjar var hófst vinna við að kanna möguleika Reykjanesbæjar á sölu á skráðum skuldabréfum með ráðgjöfum til endurfjármögunar á skuldum Eignarhaldsfélagsins fasteignar ehf en úr varð í byrjun sumars að Lánasjóður sveitarfélaga kom inn í það verkefni sem sló út af borðinu í bili skráningu Reykjanesbæjar í Kauphöll sem skuldabréfaútgefandi. Unnið var með Lánasjóðnum á haustmánuðum í endurfjármögnuninni og mun hún standa fram á árið 2021 eða þar til að fullu hefur náðst í fjármagnið í útboðum sjóðsins. Töluverð vinna fór á árinu hjá stjórn Íslendinga ehf í samningaviðræðum um sölu á Útlendingi ehf til þess aðila er rekið hefur safnið í Víkingaheimum ehf frá árinu 2015. Heimsfaraldur setti mark sitt á árið þar sem fjárvinna fjármálastjóra var töluverð á árinu og verður eitthvað inn á árið 2021.

5. Heimsfaraldur COVID-19

Hér má sjá fjarvinnu á tveimur tímabilum á árinu skipt niður á hvern starfsmann 1-11:



6. Áherslur 2021

Hér er lýsing á þeim verkefnum sem lögð verður áhersla á árið 2021:

- Gerð launaáætlunar, frekari þróun, aðstoð og stuðningur við stjórnendur.
- Skipulagning á verkefnum og uppbygging launadeildar
- Aðstoð við stjórnendur við gerð launaáætlunar. Stuðningur og kennsla er mikilvæg í þessum málum og hafa stjórnendur kallað eftir kennslu og einföldun við þessi mál
- Samræming á vinnulagi starfsmanna launadeildarinnar, reglulegir samráðsfundir. Vinnufundir eru haldir alla miðvikudagsmorgna þar sem staðan er tekin á verkefnum næstkomandi viku
- Gerð verklagsregna og verkferla verður sett í forgang og stefnt á að þeir verði tilbúnir á haustmánuðum 2021. Allar verklagsreglur og ferlar verða vistaðir í gæðakerfi Reykjanesbæjar. Sérstaklega mun vera horft til þeirra verkferla sem eru ætlaðir til að aðstoða stjórnendur Reykjanesbæjar og styrkja þá í störfum sínum. Vinna við þá ferla verður sett í forgang
- Klára innleiðingu Vinnustundar í grunnskóla, tónlistarskóla, fyrir nefndarstörf og Reykjaneshöfn og settur hefur verið saman vinnuhópur til þess að halda utan um það verkefni.
- Mikilvægt að skanna inn öll skjöl sem eru til staðar og ganga frá eldri skjölum. Þetta þarf að gerast fyrir lok árs 2021
- Mikilvægt að laga boðleiðir og samskipti við launadeild. Að þessu hefur verið unnið markvisst árið 2020 og mun sú vinna halda áfram. Miklum árangri hefur verið náð í þessum málum. Til þess að festa þetta enn fremur í sessi er mikilvægt að leiðbeina stjórnendum hvað þetta varðar. Stjórnandi er tengiliður launadeildar og þeirra starfsmanna sem tilheyra hans einingu
- Halda námskeið og rafræna fræðslu fyrir stjórnendur – útbúa glærupakka, halda kynningar, upplýsa stjórnendur um alla þá hluti sem þeir þurfa að vera meðvitaðir um og gera þá ábyrgari og meðvitaðri fyrir sinni einingu
- Stytting vinnuvikunnar hjá starfsfólki í vaktavinnu fyrir 31. maí 2021
- Á árinu 2021 verður önnur úttekt vegna jafnlaunavottunar og fyrir þá vinnu þarf að gera launagreiningu, auk útlagagreiningar. Þá þarf einnig að yfirfara verklagsreglurnar sem snúa að ákvörðunum launa
- Fjölga innkomnum rafrænum reikningum og fækka handfærðum reikningum
- Fjölga kerfislægum bókum í fjárhagsbókhaldi og fækka handfærðum færslum
- Skoða og jafnvel innleiða lausn frá Deloitte um umbreytingu á innkomnum reikningi á pappír er í tölvupósti í rafrænan reikning sem hægt er að lesa beint í uppáskriftarkerfi
- Nýta alla möguleika í haghvæmstu innkaupum á hverjum tíma
- Skoða alla möguleika til hagræðingar í rekstri / ráðgjöf og leiðbeiningar
- Nýta möguleika á vinnuhagræði vegna fjarvinnu versus vinnu á starfsstöð og finna jafnvægi þar á milli